

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um dvalarleyfisskírteini.

- Hver tekur ákvörðun um útlit og efni dvalarleyfisskírteina sem gefin eru út skv. 54. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, og eftir hvaða lögum, reglum, viðmiðum og leiðbeiningum er farið við þá ákvörðun?*

Í framkvæmd er það Útlendingastofnun sem tekur ákvörðun um útlit og efni dvalarleyfisskírteina í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 54. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Líkt og þar greinir skal Útlendingastofnun gefa út skírteini til staðfestingar á veitingu dvalarleyfis. Skírteinið skal gefið út á nafn útlendingsins sem er handhafi dvalarleyfisins. Í því skyni að unnt sé að bera kennsl á rétthafa dvalarleyfis og staðreyna að handhafi þess sé sá sem hann kveðst vera skal tekin stafræn mynd af umsækjanda og prentuð á skírteinið. Þá skal á skírt eininu m.a. koma fram nafn útlendings, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda þegar það á við og gildistími dvalarleyfisins. Loks kveður málsgreinin á um að ráðherra sé heimilt að ákveða að dvalarleyfisskírteini skuli innihalda örflogu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa.

Auk framangreinds fer um útlit og efni íslenskra dvalarleyfisskírteina eftir þeim kröfum sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1030/2002/EB um sameiginlegt útlit á dvalarleyfisskírteinum sem Ísland er bundið af. Til að bregðast við breytingum á þeirri reglugerð og breyttum kröfum á þessu sviði með sem skilvirkustum hætti var með lögum nr. 56/2023, sem samþykkt voru á Alþingi 9. júní sl., kveðið á um í 2. mgr. 54. gr. laga um útlendinga að ráðherra bæri að setja í reglugerð nánari ákvæði um útlit og eiginleika dvalarleyfisskírteinis. Í skyringum við ákvæðið kemur fram að breytingar á reglugerðinni séu dýnamískar og taki mið af þeim tæknilegu lausnum sem til staðar eru hverju sinni. Því sé mikilvægt að ráðherra geti brugðist við á skjótan hátt svo dvalarleyfisskírteini hérlandis fullnægi þeim kröfum sem reglugerðin gerir hverju sinni, svo sem um öryggis- og útlitskröfur. Vinna við setningu slíkrar reglugerðar er hafin innan ráðuneytisins.

- Hvaða upplýsingar koma fram á dvalarleyfisskírteinum sem gefin eru út nú og á hvorri hlið skírteinisins koma þær fram?*

Á framhlið skírteinanna er mynd af handhafa kortsins, nafn hans, kyn, þjóðerni, fæðingardagur, upplýsingar um tegund dvalarleyfis, gildistími skírteinis, athugasemdir um hvort atvinnuþátttaka sé heimil og rithandarsýnishorn. Á bakhlið skírteinanna eru nánari upplýsingar um tegund dvalarleyfis, hvenær þarf að endurnýja dvalarleyfið og hvort það telji upp í ótímabundið dvalarleyfi, auk upplýsinga um útgáfudag, útgáfustað, útgefanda, fæðingardag handhafa og kennitölu viðkomandi. Á bakhlið er einnig smærri mynd af handhafa.

3. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á útliti og efni dvalarleyfisskírteina frá árinu 2013?  
Hvers vegna voru þær breytingar gerðar?*

Frá árinu 2013 hafa verið gerðar breytingar á dvalarleyfisskírteinum til að bæta öryggi þeirra. Bætt hefur verið við véllesanlegu svæði og örgjörva. Véllesanlega svæðið inniheldur sambærilegar upplýsingar og fram koma í vegabréfum. Örgjörvinn inniheldur sömu upplýsingar og fram koma á skírteininu. Útliti skírteinanna hefur auk þess verið breytt til að draga úr fölsunarhættu.